



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands

Bakka 1
765 Djúpavogi

Sveitarfélagið Hornafjörður

Skipulagsfulltrúi
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Djúpivogur, 5. febrúar 2020
MÍ201912-0081/ 6.08 / P.E.H.

Efni: Endurskoðun á ferðaþjónustukafla í aðalskipulagi sveitarfélagsins Hornafjarðar

Með bréfi dagsettu 16. desember 2019 óskaði Gunnlaugur Róbertsson, skipulagsstjóri sveitarfélagsins Hornafjarðar, eftir umsógn Minjastofnunar Íslands um tillögu að að breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar sem snýr að ferðaþjónustukafla skipulagsins. Hægt var að nálgast breytingartillöguna (30.10.2019) og skýrslu um ferðamál (10.04.2018) á heimasíðu sveitarfélagsins. Megin markmið breytingarinnar er að fara yfir skilmála um ferðaþjónustu með nýjar forsendur og viðmið í huga. Skilgreina á hverskonar þjónustu og í hve ríkum mæli á að heimila hana utan skilgreindra þjónustusvæða. Þar er bæði horft til uppbyggingar sem beint tengist ferðaþjónustu sem og annarrar þjónustu, s.s. uppsetningu fjarskiptamastra, upplýsingagjöf og fleira.

Í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins er það stefna sveitarfélagsins að efla uppbyggingu í tengslum við ferðaþjónustu. Breytingar eru gerðar í breytingartillögunni á orðalagi og tilvitnum í reglugerðir. Stærstu breytingarnar snúa að breyttri stefnu á uppbyggingu ferðaþjónustu í sveitum, eflingu samgangna auk nýs kafla í greinagerðinni vegna stakra framkvæmda. Þetta eru einnig þeir þættir sem eru sérstaklega teknir fyrir í umhverfisskýrslu sem var unnin samhliða breytingunni.

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá aðal- eða deiliskipulagi. Minjastofnun Íslands hefur að auki gefið út reglur nr. 620/2019 um skráningu jarðfastra minja vegna skipulags og framkvæmda en hægt er að nálgast þær á heimasíðu stofnunarinnar. Minjastofnun bendir einnig á að óheimilt er að raska fornleifum á nokkurn hátt skv. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Í þessari breytingartillögu er verið að fjalla um mögulegar breytingar á húsum til að fjölga gistirýmum, það er verið að fjalla um samgönguúrbætur s.s. breikka á núverandi einbreiðar brýr á þjóðvegi 1, hafnarframkvæmdir auk þess sem fjallað er um stakar framkvæmdir sem ekki er talin þörf á að afmarka með sérstakri landnotkun. Þessar

**Þuríður Elísa
Harðardóttir**
Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

framkvæmdir kunna allar að hafa áhrif á menningarminjar og því er mikilvægt að samráð sé haft við stofnunina vegna þeirra þegar tillögur um þær liggja fyrir. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án fornleifa, húsa og mannvirkjaskráningu skv. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Einnig þarf að huga að því að hús og mannvirki kunna að falla undir verndarákvæði laga um menningarminjar og því þarf að leita umsagnar stofnunarinnar varðandi breytingar á þeim.

Í umhverfisskýrslu sem unnin er samhliða breytingu aðalskipulagsins eru áhrif breyttrar stefnu á uppbyggingu vegna ferðaþjónustu í sveitum og stakra framkvæmda metin. Niðurstaða sveitarstjórnar eru þær að þær breytingar sem lagðar eru fram varðandi samgöngur séu taldar hafa óveruleg eða engin áhrif á flesta umhverfisþætti. Með skýrari heimildum til ferðaþjónustu á landbúnaðarlandi er sú stefna sem lögð er fram með aðalskipulagsbreytingunni talin hafa óveruleg áhrif á flesta umhverfisþætti þar sem núverandi byggingar verða nýttar að mestu leyti. Einnig eru breytingarnar sem snúa að stökum framkvæmdum talin hafa óveruleg áhrif á flesta umhverfisþætti enda um smærri framkvæmdir að ræða. Minjastofnun gerir athugasemd við þessa nálgun þar sem ekki er hægt að meta áhrif framkvæmda á menningarminjar þar sem ekki er vitað hvort að menningarminjar eru innan þeirra svæða sem koma til með að vera lögð til undir framkvæmdir. Breytingar á veglínunum og uppbygging innan þegar byggða jarða ef dæmi eru tekin hafa gjarnan áhrif á menningarminjar.

Minjastofnun bendir einnig á að ekki var leitað til hennar við gerð skýrslu um ferðamál innan sveitarfélagsins. Þar er t.d. ekki gert grein fyrir lögum um menningarminjar nr. 80/2012 auk þess sem þar eru lagðar fram tillögur um nýtingu menningarminja en skýrt þarf að vera að slíkar tillögur þarf að vinna í samráði við stofnuninna.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins Hornafjarðar en fram koma hér að ofan. Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,

Purrður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Skipulagssvið sveitarfélagsins Hornafjarðar (skipulag@hornafjordur.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.